



Borgarráð

Endurgerð opinna leiksvæða í borgarlandi 2026

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna endurgerðar opinna leiksvæða í borgarlandi 2026.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í júní 2026 og er gert ráð fyrir að þeim ljúki í desember sama ár.

Kostnaðaráætlun er 37,5 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felst í endurnýjun á yfirborði leiksvæða, fjarlægja perlumöl og setja nýjar hellur, gras, gervigras og fallvarnarefni í staðinn. Einnig verða leiktæki endurnýjuð og lýsing á svæðinu bætt. Lögð er áhersla á að gera leiksvæðið aðgengilegt fyrir öll.

Kostnaðarstaðir: 7102

Kostnaðaráætlun: 37,5 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning



Endurgerð opinna leiksvæða í borgarlandi 2026

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu
Deild gatna, lóða og opinna svæða





Lýsing á framkvæmd



- Framkvæmdin felur í sér endurgerð á opnu leiksvæði við Hringbraut 60 (betur þekktur sem Héðinsróló)
- Endurnýja á yfirborð leiksvæða þ.e. fjarlægja perlumöl og setja nýjar hellur, gras, gervigras og fallvernaefni í staðinn.
- Leiktæki verða endurnýjuð.
- Lögð er áhersla á að gera leiksvæðið aðgengileg fyrir öll og bæta lýsingu þar sem þess er þörf.



Markmið og stefna

Framkvæmdin styður við stefnur Reykjavíkurborgar um:

- Aðgengi fyrir öll
- Borg fyrir börn
- Leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar

Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir við endurgerð opinna leiksvæða 2026 er um **37,5 m.kr.**

- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í júlí og áætlað að þeim ljúki í september 2026





Reykjavík